

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

15. desember 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Þetta verður síðasta fréttabréfið á þessu ári og vill skólinn þakka öllum nemendum og foreldrum kærlega fyrir árið sem er að líða og vonum við að þið hafið það sérlega gott í jólafríinu. Síðan sjáumst við hress á komandi ári.

Jólavakan 16. desember

Jólavaka Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi verður haldin miðvikudaginn 16. desember kl. 20:30 í félagsheimilinu Höfðaborg. Þar geta allir upplifað notalega jólastemningu. Nemendur grunnskólans verða með atriði og einnig fáum við að hlusta á notalega tóna frá Margréti Eir. Ræðumaður kvöldsins verður svo Sr. Halla Rut Stefánsdóttir. Aðgangseyrir er 2000 kr. fyrir fullorðna og 600 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri.

Jólavakan er einn af stærstu fjáröflunarliðum nemendafélagsins og eru það nemendur 8.-10. bekkjar sem standa að skemmtuninni og sjá um alla vinnu og undirbúning. Sú hefð hefur verið að nemendur 10. bekkjar sjái um að þjóna þetta kvöld, og verða 9. bekkingar þeim innan handar. Nemendur úr öllum aldurshópum sjá svo um atriði sem sýnd verða á skemmtuninni. Leitað hefur verið til foreldra nemenda í 8.-10. bekk og þeir beðnir um að baka smákökur sem verða í boði um kvöldið og einnig hafa þeir séð um að aðstoða í eldhúsi meðan á skemmtun stendur og við frágang á eftir. Fyrir okkur er þessi viðburður orðinn mikilvægur hluti af aðventunni og er einkar hátíðlegur í okkar huga og því viljum við biðja foreldra um að aðstoða okkur við það að gera kvöldið sem notalegast og óskum eftir því að foreldrar láti börnin sín sitja hjá sér.

Fimmtudagurinn 17. desember

Fimmtudaginn 17. desember byrjar skólinn kl.10:25, þar sem gera má ráð fyrir að einhverjir fari seinna að sofa en vanalega vegna jólavökkunnar.

Litlu jólin 18. desember

Föstudaginn 18. desember verða litlu jólin haldin í Grunnskólanum á Hofsósi kl. 10:00 – 12:00. Eru þau með því fyrirkomulagi að nemendur eru u.þ.b. klukkustund með umsjónarkennara sínum í kennslustofunni, að því loknu verður haldið niður í Höfðaborg og dansað í kringum jólatréð og lokum fá allir kakó og skúffuköku í mötuneytinu.

Á litlu jölunum koma allir með pakka fyrir pakkaskipti. Við viljum leggja áherslu á að kostnaði við gjafirnar á að vera stillt í hóf og einnig þarf að gæta þess að gjafirnar geti höfðað til allra í bekknum/samkennsluhópnum þar sem enginn veit fyrirfram hver fær hvaða pakka.

Jólafrí 19. desember

Jólafríð stendur yfr frá 19. desember til 4. janúar og skólastarf hefst að nýju 5. janúar kl. 10:25.

Jólakveðjur starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi